

Nr. 401

28. apríl 2017

## AUGLÝSING um deiliskipulag í Skaftárhreppi.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 hefur sveitarstjórn Skaftárhrepps samþykkt eftirfarandi deiliskipulag:

*Deiliskipulag gestastofu Vatnajökulsþjóðgarðs.*

Markmið deiliskipulagsins er að skapa umgjörð um gestastofu vestursvæðis Vatnajökulsþjóðgarðs þar sem staðsetning endurspeglar sýnileika, víðsýni að jöklri og nánasta umhverfi. Gert er ráð fyrir uppbyggingu gestastofu á lóð úr landi Hæðargarðs. Grunnflötur byggingarreits er 10.555 m<sup>2</sup>. Hámarksgrunnflötur byggingar innan svæðis er 1.600 m<sup>2</sup>. Húsið er einnar hæðar auk tæknirýma á neðri hæð með hámarkshæð 10 metra frá gólfí að komuhæðar að þakbrún. Minni byggingarhlutar mega þó ná hærra upp úr þaki. Hönnun mannvirkja og landmóta taki mið af og varðveiti sem best núverandi ásýnd svæðisins.

*Vík, 28. apríl 2017.*

F.h. sveitarstjórnar Skaftárhrepps,

**Vigfús Þór Hróbjartsson**, skipulags- og byggingarfulltrúi.

---

B-deild – Útgáfud.: 15. maí 2017